

## GraN 2015

Grafik Nordica samsýning grafiklistamanna frá Norðurlöndunum  
Grafik Nordica en utställning där grafikkonstnärer i från de Nordiska länderna deltar









LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI  
AKUREYRI ART MUSEUM

---

**Sýningarskráin / Katalog:**

**Ritstjóri / Redaktör:**

Haukur Ágústsson

---

**Þýðendur / Översettning:**

Guðmundur Ármann Sigurjónsson

Haukur Ágústsson

Sverrir Kiernan

Þorbjörg Guðmundsdóttir

**Prófarkarlestur / Korrekturläsning:**

Haukur Ágústsson

---

**Sýningarstjóri:**

Haraldur Ingi Haraldsson

**Grafiskur hönnuður / Grafik design:**

Þórhallur Kristjánsson, EFFEKT

---

**Prentun / Tryckeri:**

Ásprent Stíll

---

**Ljósmyndun / Fotograf:**

Kápumynd, Omslag,

Haraldur Ingi Haraldsson

**6****Eiríkur Björn Björgvinsson**

Bæjarstjóri á Akureyri

**8****Hlynur Hallsson**Safnstjóri Listasafnsins á Akureyri  
Direktör för Konstmuseet i Akureyri**10****Guðmundur Ármann**myndlistarmaður  
og formaður GraN, Grafik Nordica**16 - 24****Birgit Brænder**

Jan Danebod

Pascale Perge Cumming

Henrik Bruun

Lars Holbroe

Kristian Devantiers

**24 - 31****Anita Jensen**

Irma Tonteri

Sirkku Ketola

Tuukka Peltone

**32 - 39****Jóhan Martin Christiansen**

Jóna Rasmussen

Marius Olsen

Oggi Lamhauge

**40 - 41****Naja Abelsen****42 - 49****Hafdís Ólafsdóttir**

Kristín Pálmadóttir

Laura Valentino

Valgerður Hauksdóttir

**50 - 57****Ellen Karin Mæhlum**

Ola Jonsrud

Petter Buhagen

Sidsel Westbø

**58 - 65****Arnold Hagström**

Ellen Cronholm

Maria Lagerborg

Tomas Colbengtson



**Eiríkur Björn Björgvinsson,**  
*bæjarstjóri á Akureyri*

Sýningin GraN – Graphic Nordica er haldin að frumkvæði íslenskra grafíklistamanna og áhugafólks um myndlist. Þátttakendur í sýningunni eru listamenn á Norðurlöndunum öllum en markmið skipuleggjenda er að sýningin endurspegli það sem grafíklistamenn í norðri eru að fást við um þessar mundir.

Norrænt samstarf er mikilvægt, enda fléttast saga norrænu þjóðanna þétt saman og sterk hefð er fyrir samstarfi Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar á ýmsum sviðum. Vest-norrænt samstarf hefur eflist á síðustu áratugum og einkar ánægjulegt er að sjá að okkar næstu nágrannar í Færeyjum og Grænlandi taka þátt í sýningunni.

Listin hefur frá því snemma í sögu mannkyns verið mikilvægur þáttur í að koma boðskap og viðhorfum til skila og veita gleði og sorg útrás og hafa sumir talið þörfina til að tjá, skapa og njóta listar til frumþarfa mannsins. Myndlistin er óháð tungumáli og landamærum og gerir okkur sem hennar njótum kleift að túlka og upplifa út frá sammannlegri reynslu. Akureyri hefur gjarna talið sig menningarbæ enda hefur listsköpun af ýmsu tagi blómstað hér og í gegnum tíðina hafa sífellt betri tækifæri skapast fyrir listamenn til að sinna listsköpun sinni.

Akureyrarbær styður við sjónlistir og rekur m.a. Listasafnið á Akureyri í því skyni að gefa öllum kost á að kynnst og fræðast um sjónlistir af bæði innlendum og alþjóðlegum vettvangi auk þess að varðveita samtímasögu í myndlistarstarfi á Akureyri.

Listasafnið á Akureyri gegnir lykilhlutverki í miðlun myndlistar og fer með aðalhlutverk í þeim efnum fyrir Akureyrarbæ. Sjónlistir eiga aðsetur í Listagilinu og þar vill Akureyrarbær sjá þær blómstra og dafna og festa sig enn frekar í sessi. Það er því vel við hæfi að sýningin GraN – Graphic Nordica sé haldin í Listasafninu.

Utställningen GraN – Grafik Nordica är planerad med initiativ af Isländska grafikkonstnäre och konst intresserade personer. Däm som deltar i utställningen är grafikkonstnärer ifrån alla däm Nordiska länderna, organiserarnas syftet är att utställningen kan återspegla det som grafik konstnärer i Norden syslar med nu för tiden.

Samarbete mellan de Nordiska länderna är viktigt, efter som de nordiska länderna historiskt hör i hop samt det finns en stark tradision för samarbete, på olika scener mellan Ísland, Danmark, Finland, Norge och Sverige. Vestnordiskt samarbete har ökat i det sista årtionden och det är skärskilt glädjande att se våra närmaste grannar i Färöarna och Grönland ta del i utställningen. Konsten har tidigt i människans historia varit en viktig del i att sprida budskap och meningar och gett utfall till glädje och sorg. Det finns dom som anser att behovet att uttrycka, skapa och njuta av konst, är ett av människans funtamentala väsen. Bildkonsten är obroande av språket och landamären hun gör det möjligt för os som njuter, att tolka och uppleva ut ifrån sammensliga erfarinheter.

Akureyri s kommun har sina åsikter om att vara en kulturby, ända har konstverksamheter av olika slag blommat i byen och igenom tiden har det skapats ständigt bättre möjligheter för konstnärerna att ägna sig åt sin konst.

Akureyri kommun stödjer bildkonsten med att driva Konstmuseet i Akureyri, för att ge alla möjligheter till att möta och få kunskap om bildkonst, i såvel inhemska som internationell skala, men också att dokumentära och bevara bildkonstens värksmhet i samtiden. Konstmuseet i Akureyri spelar nyckelroll i at förmedla bildkonst och har för Akureyri kommun ledande roll i det ämnet.

Den visionella konsten hör hemma i Listagilinu och för Akureyri kommun är det en önskan om att där kan den fritt utvecklats och att den där kan ytterligare etablera sig. Det är därför mycket passande at utställningen, GraN Grafik Nordica äger rum där.



**Hlynur Hallsson,**

safnstjóri Listasafnsins á Akureyri  
Direktör för Konstmuseet i Akureyri

Það er fagnaðarefni að fá verk eftir framúrskarandi, norræna grafíklistamenn á stóra samsýningu í Listasafninu á Akureyri. Þessi sýning verður vonandi upphafið á langri og góðri samvinnu, þar sem grafíklistin verður í forgrunni. Á þessari sýningu eru verk eftir listamenn frá Noregi, Íslandi, Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi, Færeyjum og Grænlandi og er það mjög ánægjulegt, að fulltrúar allra norðurlandanna skuli taka þátt í þessari fyrstu sýningu Grafík Nordica.

Sýningin hefur verið lengi í undirbúningi enda er ekki tjaldað til einnar nætur, heldur stefnt að því að sýningar sem þessi verði reglulegir viðburðir, sem efnt verður til þriðja hvert ár. Þannig mun gefast kostur á því að fylgjast með þróun grafíklistarinnar og kynnast verkum og listamönnum.

Listasafnið á Akureyri er stolt af því að hýsa þessa fyrstu sýningu GraN og við þökkum ánægjulegt og gott samstarf við undirbúning sýningarinnar og útgáfu sýningarskrár. Við óskum listamönnunum einnig til hamingju með sýninguna.



Det är et glädjeämne att ta imot arbeten efter så enastående nordiska grafikkonstärer i en stor utställning i Konstmuseet i Akureyri. Vi håppas på att denna utställning kan bli början af et långt och gott samarbete der man lyfter fram grafikkonsten. På utställning är arbeten, grafikbilder efter konstnärer ifrån Norge, Island, Danmark, Sverige, Finland, Färöarna, och Grönland.

Det är särskilt trävligt att det är repressitanter ifrån alla nordiska länderna som tar del i den första Grafik Nordica utställningen. Det har varid en lång förberedelse prosess för denna utställning, som inte är tänkt för en natt, hellre är planet att den kan vara den första av regelbundna händelser, som kan bli vart tredje år. På så vis kommer det att vara möjligt att följa efter hur grafiken utvecklas och lära att känna konstnärerna och deras verk.

Konstmuseet i Akureyri är stolt över att hysa denna första GraN utställning och vi tackar för et trevligt och gott samarbete i förberedelse prosessen för utställning och samarbetet runt publicering av utställningskatalogen. Vi vill också gratulera konstnärerna med denna utställning.



**Guðmundur Ármann,**

myndlistarmaður og formaður GraN, Grafík Nordica

## Galdurinn í þrykkinu

Í listasögunni eru mörg dæmi þess að myndlistarmenn hafi unnið jafnhliða með grafík og málverk, má nefna einn af mörgum frammúrskarandi listamönnum, en það er norski listamaðurinn Edvard Munch (1863–1944). Hann er gott dæmi um myndlistarmann sem notaði grafíkina til að kanna möguleika myndlistar til tjáningar sterkra tilfinninga í mynd (expressiónistar), svo sem ástar, afbrýðissemi, dauða, skelfingar o.s.frv..

Í þrykkinu, í aðferðinni að rista, skera, eða marka með öðrum hætti spor í flöt sem má þrykkja af á pappír, er fólgið ferli sem einungis er mögulegt að ná með þessari aðferð grafíklistarinnar. Þegar tekist er á við flötinn, tréð, koparinn, lithósteininn, er myndin misvel sýnileg á meðan á vinnslunni stendur. Myndin er spegilvent og því er lokaniðurstaðan ekki jafn augljós og í málverki. Þegar liturinn er borinn á myndflötinn, tréð, koparinn eða lithósteininn kemur myndin að nokkru fram, en þegar þrykkt er af mótinu á pappírinn snýst myndin við. Þannig fæst niðurstaðan af löngu ferli þar sem höfundurinn hefur aðeins haft óljósa mynd í höfðinu um það, hvernig myndin, sem er rist, skorin eða teiknuð á þessa ólíku efnisfleti, muni að lokum líta út. Svárið við spurningum höfundarins fæst loks þegar örkinni er lyft af prentfletinum, mótinu. Því er þetta augnablik, þegar pappírsörkinni er lyft töfrum líkast. Sú spennan, sem hleðst upp í vinnuferlinu, handverkinu að móta myndflötinn með nál, hníf eða lithókrit, leysist ekki úr læðingi fyrr en myndin er þrykkt. Vætanlega er þessi einstaka listræna upplifun það, sem svo margir listamenn sækjast eftir. En auk þessa hefur grafíkin einstaka möguleika til hverskonar myndrænnar túlkunar og því er það ekki undarlegt, að svo margir listamenn, sem voru expressiónistar, unnu með þessa grafísku miðla. Málverkið og teikningin býr einnig yfir þessum eiginleika, en sérstaða grafíkurinnar er, að ristan og skurðurinn býr yfir eiginleikum, sem eru sérstakir innan myndlistarinnar.

Það var einmitt eitt einkenni þessara grafíklistamanna að leitast við að draga fram með aðferðum myndlistarinnar sterkar og andstæðar tilfinningar. Litur, form og línur eru notuð með þeim hætti, að hjá áhorfandanum verða til sterkar tilfinningar; tilfinningar, sem listamaðurinn vill tjá okkur. Myndir Van Goghs, Emils Noldes og Edvarðs Munchs, svo nokkrir expressiónistar séu nefndir, eru gott dæmi um þetta. En það er afar auðvelt eftir að myndmótið hefur verið gert að þrykkja af því í mismunandi litum. Línan, sem er skorin í tré, er einstök hvað varðar skerpu og hana má þrykkja þannig, að áhorfandinn skynji áherslurnar, sem þessi tegund línu getur tjáð. Þessi umrædda grein myndlistar hefur því mikilvægu hlutverki að gegna í allri myndsköpun. Hún þarf að vera marksækinn hluti náms í öllum listaskólum, svo að nemendur geti innan hennar dýpkað skilning sinn og færni í þessum einstaka miðli myndlistarinnar.

## **Íslensk grafík, sögustiklur**

### ***Forsaga***

Prentun Guðbrandsbiblíu á seinni hluta 16. aldar markaði stórt skref í prentlistinni hér á landi, en hún var prentuð með þeirri tækni, sem þá var kunn í Evrópu og er kennd við Gutenberg. Aðferðin byggir á lausaletri, það er hver stafur er steypdur í blý og þannig hver síða sett með þessu letri. Ferlið síðan endurtekið fyrir næstu síðu, sama letri raðað á ný, hver stafur í orð og orð í línur og lína eftir línu þar til að komin var heil síða. Þannig þurfti ekki að skera út hverja síðu fyrir sig; allt letrið var sett upp staf fyrir staf. Þessi tækni er nefnd hæðarprent; liturinn er borinn á yfirborð letursins og þrykkur yfir á pappírsörkina. Mótið er spegilvent en verður réttvent á pappírsörkinni. Gutenbergsbiblían var prentuð með þessari aðferð um miðja 15. öld. En fyrir þann tíma voru bækur handskrifaðar og einnig var eitthvað um það að letur væri skorid út í tré og prentað. Lausaleurstæknin er því augljós tímasparnaður og var forsendan fyrir því að fjölfalda bækur með auðveldari hætti en að skera hverja síðu fyrir sig í trémót eða handskrifa hvert eintak. Þessi prentaðferð samsvarar þeirri grafísku aðferð, sem við nefnum tréristur, dúkristur og hverskonar reliefprent og voru myndlistarmenn snemma á ferðinni að nýta þessa þekkingu til að fjölfalda myndir.

Til hvers að leita svo langt aftur í söguna til að varpa ljósi á þróun grafíklistar á Íslandi og blanda saman prentlistinni og grafíklistinni? Svarið er, að sterk tengsl eru á milli þessarar tveggja svartlistagreina. Í raun má leita enn lengra aftur í tímann, því það hefur verið manningum þörf að móta og rista myndir í ýmis efni, sem voru tiltæk á hverjum tíma. Það er þannig á fimmtu öld sem elstu dæmi finnst um það, að maðurinn hafi þrykkur myndir af tréplötu, en það var í Japan (Bragi Ásgeirsson, 1986).

Ef sú tilgáta er rétt, að Guðbrandur hafi sjálfur skorið út í tré myndmót af skrautlegum hástöfum og bókarhnútum í Guðbrandsbiblíu ásamt útskorinni, sjálfsmýnd sem honum eru eignuð (Sveinbjörn Pálsson, 2008), þá er vissulega hægt að nefna þetta sem fyrstu heimildir hérlendis um grafískt höfundarverk sem er þá frá því um miðja 16. öld.

Að fjölfalda texta og sú þróun að dreifa upplýsingum með aðferðum prenttækninnar svo fleiri en fámennur hópur embættismanna megi njóta, hefur áhrif á listamenn; þeir greina nýja möguleika til fjölföldunar á myndum. Albert Dürer (1471 -1528) er gott dæmi um það, en myndskreytingar og fjölföldun sjálfstæðra grafíkverka í djúpþrykk og hæðarprent, koparstungur og tréristur, voru ríkur þáttur í list hans.

### **Stofnun félags um grafík**

Nokkrir myndlistarmenn, sem höfðu kynnst eða unnið myndir í grafík, komu saman ásamt einum prentara, letursérfræðingi og bókarhönnuði á árinu 1954 til að stofna félag íslenskra grafíklistamanna. Þetta voru myndlistarmennirnir Jóhannes Jóhannesson, Jón Engilberts, Jón Þorleifsson, Kjartan Guðjónsson, Benedikt Gunnarsson, Veturlíði Gunnarsson, Hafsteinn Guðmundsson og Þorgeir Ólafsson. Þrátt fyrir framsýni og góðan hug náði þetta félag ekki að starfa, en þarna var samt sáð fræjum. Það er svo 15 árum síðar sem myndlistarmaðurinn Einar Hákonarson kemur heim frá námi við Listaháskólann Valand í Gautaborg en við þann skóla var öflug grafíkdeild, sem tvímælaust hefur verið Einari hvatning til góðra verka fyrir grafíkina. Hann varð einn aðalhvatamaðurinn að stofnun grafíkfélags 1969 og var gert sérstakt merki fyrir hið nýja félag. Félagið fékk síðan það nafn sem enn er, Íslensk grafík, og nýtt merki, sem Jón Engilberts teiknaði. Í dag er það Íslensk grafík, sem heldur uppi merkinu með öflugum félagstarfi, rekstri á grafíkverkstæði og sýningarsal í Reykjavík.

### **Tengsl myndlistar og prentverks**

Það má greina tengingu milli prentverks og myndlistarmanna þar sem prentarinn Hafsteinn Guðjónsson var á meðal stofnenda félagsins. Tengsl prentverksins og myndlistarinnar eiga sér marga snertifleti og má nefna allnokkra íslenska myndlistamenn sem unnu við prentverk; Þorstein Guðmundsson (1817-1864), Arngrím Gíslason (1829-1887), Þórarín B. Þorláksson (1867-1924), Gunnar S. Þorleifsson (1922-), Eirík Smith (1925-), Jón Gunnarsson (1925-), Guðmund Ármann Sigurjónsson (1944-) og Gunnlaug Stefán Gíslason (1944-) (Ingi Rúnar Eðvarðsson, 1994).

## Kennsla í grafík

Frumkvöðlar í grafík á Íslandi eru Guðmundur Einarsson frá Miðfelli, Jón Engilberts og síðar Bragi Ásgeirsson. Þessir listamenn lögðu grunn hver með sínum hætti, Guðmundur með ætingum, Jón með tréristum og Bragi með steinþrykki. Guðmundur flutti heim með sér árið 1925 litla djúpþrykkspressu frá Þýskalandi, þar sem hann hafði verið í myndlistarnámi. Jón var einn aðalhvatamaðurinn að stofnun félags grafíklistamanna og var afkastamikill í gerð grafíkverka á árunum 1930-40; verk hans eru tré- og dúkristur með sterku samfélagslegs ívafi (Gréta Engilberts, 2015).

Það var undir handleiðslu Braga Ásgeirssonar sem nemendur í Handiðaskólanum tóku að fá kennslu í steinþrykki á árunum 1956-58 (Aðalsteinn Ingólfsson, 1993). Það var svo í Myndlista- og handiðaskólanum, MHÍ, sem regluleg kennsla í grafík fór fram og var Bragi Ásgeirsson eini kennarinn. Þarna var nokkurs konar opið verkstæði, þar sem nemendur skólans í fornámi, málunardeild og kennaradeild, gátu tekist á við steinþrykk og tré- og dúkristu. Þetta var á sjöunda áratugnum. Þá hófu nám í grafík nokkrir listnemar, sem síðar áttu eftir að láta að sér kveða í þróun og viðgangi grafíklistarinnar á Íslandi. Það var svo nokkrum árum síðar sem Einar Hákonarson kemur með djúpþrykkspressu og hefst þá kennsla í kopargrafík. Þannig má segja að kennsla hefjist í listgrafík, í steinþrykki um 1956, í djúpþrykki á seinnihluta sjötta áratugarins og síðar, á seinni hluta sjöunda áratugarins bætist við sáldþrykk, sem Þórður Hall stóð að. Nemendur í fornámi, kennaradeild og málunardeild Myndlista- og handiðaskólans höfðu þá tækifæri til að vinna í steinþrykk, háþrykk, tré- og dúkristur, djúpþrykk, kopargrafík og loks sáldþrykk. Grafíkdeild Myndlistar- og handiðaskólans varð síðan sérdeild innan skólans og nemendur útskrifuðust með fjögurra ára nám að baki og þar af tvö ár í grafík; eitt ár í fornám og þrjú ár í sérdeild, svo sem grafíkdeild. Lokapróf úr MHÍ jafngildi BA-nám. Árið 2000 tekur Listaháskóli Íslands (LHI) til starfa og byggir á arfi Myndlistar- og handiðaskóla Íslands og var grafíkdeildin þá lögð niður sem sérdeild, en verkstæðinu var haldið og geta nemendur LHI notað verkstæðið og hafa aðgang að fagmanni þar.

Grafík er kennd á námskeiðum í Myndlistaskóla Reykjavíkur og einnig er hún kennd á listnámsbraut Verkmenntaskólans á Akureyri og er valáfangi. Í dag útskrifast þó engir nemendur á Íslandi í myndlist með menntunargráðu í listgrafík og eru horfur því ekki góðar hvað viðkemur þessari mikilvægu grein myndlistar hér á landi.

## **Faglegar kröfur**

Fagfélag grafíklistamanna á Íslandi, Íslensk grafík, gerir eðlilega faglegar kröfur til sinna félagsmanna og á heimasíðu þess stendur eftirfarandi:

*Þeir einir eru meðlimir sem lokið hafa minnst 4ra ára námi frá viðurkenndum listaskóla og hafa starfað að listsköpun í minnst 2 ár.*

Það gefur auga leið, að það verður mjög hæg endurnýjun í þessu ágæta fagfélagi myndlistar, þar sem engin listamaður útskrifast lengur úr íslenskum listaskóla að loknu samfelldu námi í grafík. Íslensk grafík rekur metnaðarfullt verkstæði með möguleikum á að vinna með fjölbreyttar grafískar aðferðir. Þannig berst félagið eftir mætti við að viðhalda faglegum metnaði, kynningu og verkþekkingu á listgrafík með verkstæðisrekstri sínum og einnig sýningarsal og þar að auki með samstarfi við erlenda grafíklistamenn, félög og verkstæði.

## **Lokaorð**

Grafíklist á Íslandi á sér vissulega forsögu aftur á 16. öld, en í raun, sem mikilvægur þáttur íslenskrar myndlistar, er hún ekki virk fyrr en eftir miðja 20. öld. Kennsla í grafík hefst á svipuðum tíma, fyrst sem námskeið, en fljótlega eftir miðjan sjöunda tug 20. aldar er grafík kennd í sérstakri deild við MHÍ. Þannig er málum háttað fram að stofnun Listaháskóla Íslands, LHÍ árið 2000. Sérstök tveggja ára deild er ekki lengur til sem slík í LHÍ, einungis verkstæði með einum grafíkfagmanni. Fagfélag grafíklistamanna var fyrst stofnað 1954, en það liðu um tuttugu ár þar til fagfélag varð til og nú starfar Íslensk grafík farsælllega. Spurningin er, hvaða áhrif það mun hafa á félagið og framtíð grafíklistarinnar í íslenskrri myndlist, þegar ekki eru útskrifaðir listamenn með sérþekkingu á grafík úr nokkrum skóla á Íslandi, heldur listgreinin einungis kennd á námskeiðum og í styttri önnum.

*Það virðist vera full ástæða til þess að hafa áhyggjur vegna þessarar stöðu og þess, að grafíkin er afar veigamikill þáttur í fjölbreyttri flóru myndlistarinnar.*

## Knepet med avtrycket

I konsthistorien finns många exempel på konstnärer som arbetat parallellt med grafik och måleri. En av dessa exceptionella konstnärer är den norska konstnären Edvard Munch (1863-1944). Han är bra exempel på konstnär som använde grafik för att uttrycka starka känslor som kärlek, svartsjuka, död, skräck osv genom bild ( expressionism).

Avtryckeri, metod som innebär att hugga, skära, eller markera på ett eller annat sätt olika mönster i en yta för att sedan kunna tryckas ut på papper, handlar om en process som bara är möjligt med denna metod. När man arbetar med ytan, trädet, koppar, lithosten, är den aktuella bilden knappt synlig under själva processen. Bilden är spegelvänd och slutresultatet inte lika självklart som när det gäller sedvanlig målarkonst. När färgen appliceras på materialet kommer bilden någorlunda fram, men det är inte förr än man trycker på papper som resultatet blir synligt i den slutliga bilden. Således blir konstnärens syn inte till verklighet förr än hela processen är fullbordad och när pappersarket till slut lyftes upp från trycket. Det är under detta ögonblick som det magiska undret kommer fram. Spänningen som ansamlas under hela arbetsprocessen utlöses inte förr än i det absoluta slutet. Förmodligen är det denna unika konstupplevelse som driver många konstnärer. Men utöver detta så ger grafiken unika möjligheter till diverse typer av figuration och därför inte förvånande att så många konstnärliga expressionister fångats av denna grafiska metod. Måleri och teckning har även dessa egenskaper, men det unika med grafiken, att rista och gravera ett snitt, har egenskaper som är väldigt unika inom konsten.

Det var just en egenskap som karakteriserar dessa grafiska konstnärer och det är att de försöker med konstens hjälp dra fram starka och motstridiga känslor. Färg, form och linjer används på ett sådant sätt att betraktaren utsätts för starka känslor. Känslor som konstnären vill förmedla till oss. Några goda exempel är bilder gjorda av Van Gogh, Emil Nolde och Edvard Munch. Men det är mycket enkelt när gravören väl blir klar, att trycka ut i olika färger. Linjen, som skuren är i trä, är unik vad gäller skärpa och den kan trycka så att betraktaren uppfattar en viss typ av intensivitet som är speciell för denna typ av gravör. Denna typ av konst har därför en viktig roll att bära inom allt konst. Den måste vara en framstående del inom konstnärlig utbildning, för att ge eleverna möjlighet att fördjupa sitt vetande och konstnärliga färdighet inom denna unika konstnärliga metod.

## **Isländsk grafik, korta berättelser**

### **Bakgrund**

När Gudbrands Bibeln trycktes under andra halvan av 15-talet markerade det stora steg inom tryckeri konsten på Island. Bibeln trycktes med den tekniska metod som tillskrevs Gutenberg och då var vanlig inom Europa. Metoden är baserad på fonter eller tecken som gutes i bly bokstav för bokstav till hel sida. Processen upprepas för var sin sida för sig där fonter bildar ord och orden meningar, linje för linje tills en hel sida uppstår som resultat. På så sätt behövde man inte skära ut var sida för sig utan alla teckensnitt bildades font för font. Denna teknik kallas vertikalt tryckeri. Färgen applicerades på bokstävernas yta som trycktes på ett pappersark. Formen var spegelvänd men vändes rätt när den väl trycktes på pappersarket. Gutenbergs-bibeln trycktes med denna metod i mitten av 14-talet. Innan hade böcker varit handskrivna och till och med i vissa tillfällen karvade ur trä som man använde för att trycka med. Teckensnittstekniken var utan tvivel tidsparande och gav förutsättningar effektiv reproduktion av böcker. Konstnärer drog nytta av denna nya metod för att snabbt och enkelt reproducera sin grafiska konst.

Vilken är orsaken till att man letar så långt bakåt i tiden och blandar ihop tryckerikonsten och grafik för att ge exempel på grafikkonstens utveckling på Island? Sanningen är att det finns ett starkt samband mellan dessa två typer av konst. I själva verket kan man hitta exempel från ännu längre tillbaka i tiden där människor har motat och snittat bilder med olika material som funnits tillgängliga. Det är alltså tidigast i det femte århundradet att man hittat exempel på träbaserad grafik. Det var en träplanka i Japan (Bragi Ásgeirsson, 1986). Om hypotesen är rätt om att Gudbrandur själv ristat i trä för att trycka upphavsbokstäver till texten i Gudbrands Bibeln under mitten av 15-talet, som tillämpas honom (Sveinbjörn Pálsson, 2008) skulle man visserligen kunna godkänna honom som den första av de Isländska grafik konstnärerna. Det har gett stort intryck på konstnärer att kunna mångdubbla texter, bilder och likaså utvecklingen att kunna sprida information genom tryckteknik med mål att nå till mångfalden. Albert Dürer (1471-1528) är ett gott exempel på detta. Hann utförde illustrationer och reproducering av enskilda grafiska verk i djupa avtryck och högtryck, kopparstick och trä rist.

### **Grundandet av den grafiska föreningen**

Flera konstnärer som hade lärt känna eller arbetat med grafiska bilder grundade i gemenskap med några specialister inom tryckeri industrin året 1954 den Isländska föreningen för grafiska konstnärer. Dessa konstnärer var Jóhannes Jóhannesson, Jón Engilberts, Jón Þorleifsson, Kjartan Guðjónsson, Benedikt Gunnarsson, Veturlíði Gunnarsson, Hafsteinn Guðmundsson og Þorgeir Ólafsson. Trots framsynthet och goda intentioner lyckades denna förening inte



dra igång men fundamentet stod kvar. Det var sedan 15 år senare då konstnären Einar Hákonarson kom hem från sina studier vid Valands Akademi i Göteborg. Där hade han studerat grafik och kunde nu ge inspiration till den grafiska konsten på Island. Han blev sedan en av de viktigaste initiativtagarna till grundandet av en grafikförening året 1969 då en särskild logotyp gjordes för den nya föreningen. Föreningen kallades Isländsk Grafik och den nya logotypen tecknades av Jón Engilbert. Det är denna förening som fortfarande idag driver ett starkt föreningsarbete och en grafik verkstad i Reykjavik.

### **Förhållandet mellan konst och tryckkonst**

Eftersom det var tryckspecialisten Hafsteinn Guðjónsson som var en av de drivande personerna under föreningens grundande kan man enkelt se förbindelsen mellan tryckkonsten och målerikonsten. Denna relation mellan tryckerikonst och målerikonst har sig många sidor. Man kan nämna flera isländska konstnärer som arbetat med tryckeri; Þorstein Guðmundsson (1817-1864), Arngrím Gíslason (1829-1887), Þórarinn B. Þorláksson (1867-1924), Gunnar S. Þorleifsson (1922-), Eirík Smith (1925-), Jón Gunnarsson (1925-), Guðmund Ármann Sigurjónsson (1944-), Gunnlaug Stefán Gíslason (1944-) och Ingi Rúnar Eðvarðsson, 1994).

### **Undervisning i grafik**

Pionjärer inom grafik på Island var Guðmundur Einarsson från Miðfell, Jón Engilberts och senare Bragi Ásgeirsson. Dessa konstnärer lade grunden, var och en på sitt eget sätt. Guðmundur genom etsning, Jón med träsnitt och Bragi med litografi. Guðmundur tog med sig hem en liten djuptryckpress när han flyttade hem från Tyskland 1925 där han hade studerat konst. Jón var en av de viktigaste initiativtagarna till skapandet av grafik föreningen bidrog mycket till konsten med flera konstverk under åren 1930-40. Det handlar mest om trä- och linoleumsnitt som uttrycker social gemenskap (Greta Engilberts, 2015).

Det var under ledning av Bragi Ásgeirsson som studenter kunde lära sig litografi under åren 1956-1958 (Aðalsteinn Ingólfsson, 1993). Sedan var det Konst och hantverksskolan, MHÍ, som tog upp regelbunden undervisning inom grafik där Bragi Ásgeirsson var den ende läraren. Där drevs en slags öppen verkstad där elever under sina primära studier, konstfakultetet och lärarfakultetet kunde ta itu med läran av litografi, trä och linoleumsnitt. Detta var på sextioalet. Under den tiden började några studenter som sedan skulle komma att göra inverkan på den framtida utvecklingen av grafik konst på Island. Några år senare levererade Einar Hákonarson en djuppress som kom att användas till läran av koppargrafik. Således kan man säga att läran av konstgrafik började, i litografi 1956, i djuptryck i slutet av femtioalet

och senare under andra halvan av femmtitalet tillsattes en serigrafi tryck som Þórður Hall bidrog med. Studenter under sina förstudier, fakulteten för lärare och fakulteten inom konst och hantverk hade nu möjligheten att arbeta med litografi, högtryck, trä och linoleumsnitt, koppargrafik och till slut serigrafi tryck. Fakulteten för grafik inom konst och hantverksskolan blev sedan en egen avdelning inom skolan och eleverna examinerade efter fyra års studier där av två år inom grafik. Tentamente från konstlinjen i MHÍ motsvarar ett BS-program. Under 2000 grundades Islands Universitetet för Konst (Listaháskóli Íslands (LHI)) och byggde på arvet från Konst och hantverksskolan på Island. På så sätt avskaffades fakulteten för grafik som en särskilt fakultet men inleddes för övrigt där studenter kan fortsätta använda verkstaden där man fortsatt hade tillgång till handledare inom grafik. Grafik undervisas i Reykjavik på Konstskolan i Reykjavik och också inom estetiska linjen i yrkes gymnasiet i Akureyri där kursen finns som ett val. Idag gör inga studenter examen primärt inom grafikkonst på Island och utsikterna därför inte bra för just denna konstgren.

### **Akademiska krav**

Den yrkesmässiga grafik föreningen på Island ställer normala yrkesmässiga krav till sina medlemmar. Efterföljande står på deras hemsida:

*För att bli erkänd som medlem måste man ha fullgjort åtminstone en 4-årig examen från en erkänd konstskola och arbetat med att skapa konst minst under 2 år.*

Av detta är det uppenbart att det kommer vara mycket långsam förnyelse inom denna utmärkta yrkesorganisation eftersom ingen konstnär längre kan göra examen inom grafik i en Isländsk konstskola. Föreningen Isländsk Grafik driver en ambitiös verkstad med möjligheter att arbeta med en rad grafiska tekniker. Därmed kämpar föreningen med alla klor för att upprätthålla professionella ambitioner, marknadsföring och praktiska kunskaper i grafik. Man gör detta genom att driva verskaden, utställningslokal och dess förutom genom samarbete med andra länders grafiska konstnärer, företag och verkstäder.

## Slutsats

Grafikkonsten på Island har sig för visso en historia tillbaka till 15-talet, men i själva verket inte en viktig del av isländsk konst förr än efter mitten av 19-talet. Undervisning i grafik startar under samma period och men samlas sedan under ett särskilt fakultet vid MHÍ. Detta är fallet fram till inrättandet av Islands Konst Universitet (Listaháskóli Íslands, LHÍ) 2000. Ett särskild fakultet med 2 års utbildning finns inte längre inom LHÍ utom bara en verkstad med handledare inom grafik. Yrkesföreningen för konstnärer inom grafik grundades först 1954 men det tog tjugo år tills en yrkesorganisation skapades med namnet Isländsk Grafik. Denna organisation framstår än så länge framgångsrik. Man kan ställa frågan vilken effekt det faktum kommer att ha vad gäller bolagets och grafikkonstens framtid inom Isländsk konst att det numera inte längre släpps ut konstnärer med expertis inom grafik på Island. Denna konst är numera bara lärd ut via kurser och i andra liknande sammanhang. Det verkar finnas all anledning till att känna oro för denna utveckling till grund av att grafiken är och har varit en mycket viktig del av den mångfaldiga isländska konsten.

---

## Heimildir / Källor:

Aðalsteinn Ingólfsson (1993) *Líf í grafík*, Listasafn Íslands 1993

Bragi Ásgeirsson (1986). *Svartlist*. október, 1986

Greta Engilberts (2015) *Sýningarskrá, Grafíksýning, Jón Engilberts*, í Bergi Dalvík 2015

Heimasíða Íslenskrar grafíkur (9.8. 15.)

Ingi Rúnar Eðvarðsson (1994) *Prent er mennt Safn til lönsögu Íslendinga* VIII. bindi, Ritstjórn Jón Böövarsson.

Hið Íslenska bókmenntafélag Reykjavík 1994.

Sveinbjörn Pálsson (2008). *Gotneskt letur og Guðbrandsbiblía* BA ritgerð við LÍH, Skemman, 9. 6. 15

Porgeir Ólafsson (1987), *Punktur úr sögu Íslenskrar grafíklistar*, Grafik Atlantica, sýningarskrá, Kjarvalsstaðir 1987

Samtöl við: Einar Hákonarson, Richard Valtingoer, Valgerði Hauksdóttur og Þórð Hall. (1878)



## Birgit Brænder

Arbejder med grafik, mixed media, tegninger, maleri og installationer.

“Digitalt fotografik har fanget mig. Det unselige motiv forandres. Styrkes til noget, der bliver særligt.

Detaljer får betydning og farven bliver så levende, at den dirrer.


Rejseindtryk fra mange steder i verden.”

Ég vinn með grafík, blandaða miðla, teikningar, málverk og uppsetningar.

Stafrænn ljósmyndun hefur tekið hug minn. Hið hlédræga viðfangsefni tekur breytingum. Styrkist og verður sértækt.

Smáatriði öðlast merkingu og liturinn fær slíkt líf, að hann bifast.

Verkin eru ferðamínningar frá ýmsum stöðum í heiminum.




**Birgit Brænder** | *Uden titel*. Pigmentprint, år 2014, størrelse: 70 x 100 cm



## Jan Danebod

Danebod definerer de problemer, større byer idag står overfor; såsom forbrug, hjemløse-problematik, reklamekampagner, gentrificering og kunst i det offentlige rum, i lokalområdet så vel som samlet byområde, ved brug af politisk aktivisme og kunst. Danebod er rundet af hiphop-kulturen og har været aktiv graffiti-udøver siden de tidlige 90'ere. Det har dannet afsæt for hans gentagne konfrontationer og interventioner i den urbane kontekst.

Í verkum sínum skilgreinir Jan Danebod þann vanda, sem stórborgir nútímans eiga við að glíma; svo sem neyslu, vanda heimilisslausra, auglýsingahviður, breytingar í samsetningu íbúanna og list í opinberu rými – í nærhverfinu sem og í borgarumhverfinu í heild – vegna pólitískra aðgerða og listar. Danebod á rætur í hiphop-menningunni og hefur verið virkur í grafík frá því á tíunda áratugnum. Það hefur sett svip sinn á ítrekaðar ádeilur hans og afskipti af hinum borgartengdu kringumstæðum.



Jan Danebod | *Uden titel*. Træsnit, år 2010, størø: 70 x 100 cm



## Pascale Perge Cumming

Pascale Perge Cumming er fœdt í Frankrig, bor í Danmark.

Arbejder í sten, gips, bronze samt værker på papír; abstrakte former forankret í naturoplevelser.


Optaget af at udtrykke balance som en modvægt til det moderne livs kaos.

Pascale Perge Cumming fæddist í Frakklandi, en býr í Danmörku.

Hann vinnur í stein, gips og brons, en auk þess verk á pappír; abstrakt form, sem eiga grunn sinn í upplifun

á náttúrunni. Hann beinir sér að því að tjá jafnvægi sem andstæðu við óreiðu lífsins í nútímanum.





Pascale Perge Cumming | *Uden titel*. Fotogravure, år 2015, størð: 30 x 21 cm



## „Three- Brushes“

**Henrik Bruun – Lars Holbroe – Kristian Devantiers**

Under navnet “Three Brushes” samarbejder de tre danske billedkunstnere om et fælles grafisk trykprojekt inspireret af japanske træsnit og William Blakes illuminationer.

Kunstnerne har arbejdet ved siden af hinanden, alene og sammen, og ud af det er kommet tryk, hvor man fornemmer “lag på lag” -teknikken og i de enkelte værker øjnes hver enkelt kunstners særkende.

Flere af værkerne blander graffiti, gadekunst og naiv surrealisme. Med inspiration fra poeten og kunstneren William Blakes grafiske værker arbejder trykkerne med farveskalaer og baggrunde, hvor lyset og et poetisk, malerisk lag er i centrum.

Undir heitinu „Three Brushes“ vinna þessir þrír dönsku myndlistarmenn að sameiginlegum þrykkverkum, sem eru undir áhrifum frá japönskum tréútskurði og teikningum Williams Blakes.

Listamennirnir hafa unnið saman og hver í sínu lagi og afraksturinn hefur orðið þrykk, þar sem fram kemur „lag-af-lagi-tækni“, en í hinum einstöku verkum má greina sérkenni hvers listamanns um sig.

Í mörgum verkanna blandast saman veggjakrot, götulist og barnalegur súrrealismi. Undir áhrifum frá grafískum verkum skáldsins og listamannsins William Blake eru í verkunum nýtt litasvið og bakgrunnar, þar sem ljósið og skáldlegur bragur eru miðlæg.



Henrik Bruun, Kristian Devantier, Lars Holbroe | *Uden titel*. Pigmentprint, år 2013, størø: 42 x 59 cm



## Anita Jensen

Konceptet jag arbetar med är nytänkande i val av teknik och material i fotografisk- och grafisk konst och att samtidigt förena ett japanskt och finländskt kulturarv med de senaste tekniska innovationerna. Under de senaste 20 åren har jag under arbets- och studieresor i Japan samlat på mig en hel del bildmaterial som jag utnyttjar i ett montagelikt bildspråk och som är mina personliga versioner av traditionella japanska skärmar, böcker, bildrullar mm. Genom att tolka den traditionella japanska estetiken ur eget perspektiv har jag upptäckt nya ytterst intressanta aspekter som kan kombineras med de senaste tekniska lösningarna inom den grafiska konsten.

Hugmyndin, sem ég vinn með, er ný hugsun í vali á efni og tækni í ljósmynda- og grafiklist og jafnframt sýnir, að tengja saman japanskan og finnskan menningararf. Á síðustu tuttugu árum hef ég á vinnu- og námsferðum mínum til Japans safnað þó nokkru magni myndefnis sem ég nota í einskönar myndrænar samlímingar. Þetta er mín persónulega túlkun á hefðbundnum japönskum skermum, bókum og myndræmum m.m. Með því að túlka þessa hefð japanskrar fagurfræði út frá eigin sjónarhorni hef ég uppgötvað ný, mjög áhugaverð sjónarmið sem má tengja með hjálp tækninýjunga í listgrafíkinni.



Anita Jensen | *The Songs of four seasons 1*. Pigment print on paper, år 2014, størd: 25 x 74 cm



## Irma Tonteri

As material, paper is important to me in many ways, but especially for the symbolic meanings it holds.

The basis in my works is the lightness of life, its temporary nature and perishableness. Paper is the same. I use many different types of Japanese papers which are all light, translucent and have a strong material feeling.

In some works I have highlighted the translucency with shellack treatment. This varnish influences how the paper “sounds”, which could be thought of as the paper’s “voice” and feel. Varnished paper’s voice is sharp, almost jingling.

Unvarnished paper in turn is soft and feather-like, with movements created by air currents. A part of the concept of my work is the way the work moves in the air, showing how the piece is alive and breathing, especially reacting to the presence of humans.

This is why it is only appropriate that their visibility affects their being, and the works are brought to life by the viewers’ movements, breath and even touch.

The works have been made by printing on thin japanese papers with lines etched on copper. Some of the papers I have made myself.


Pappír, sem efni, er mér mikilvægur á margan hátt, en sérlega fyrir táknræna merkingu sína. Grunnur verka minna er í léttleika lífsins, tímabundnu eðlis þess og forgengileika. Pappír býr að hinu sama. Ég nota ýmsar tegundir japansks pappírs, sem eru léttar, gagnsæjar og hafa sterkan efnisblæ.

Í sumum verka minna hef ég lagt áherslu á gagnsæið með notkun gljálakks. Þessi áferð dregur fram „hljóm“ pappírsins, en hann má skilja sem „rödd“ hans og blæ. Rödd varins pappírs er skörp, nálega gjallandi.

Óvarinn pappír er hins vegar mjúkur og líkastur fjöður og bifast með hreyfingum loftsins. Hluti hugmyndarinnar að baki verkum mínum er, hvernig þau hrærast í andrúminu, en þetta gefur þeim þann brag, að þau séu lifandi og andi og bregðist sér í lagi við nærveru manna.

Af þessu er það, að það er við hæfi að upplifun þeirra hafi áhrif á þau sjálf og að verkin öðlist líf af hreyfingum sjáandans, andardrætti hans og jafnvel snertingu.

Verkin eru unnin með þrykki á þunna, japanskan pappír með línunum, sem ristar eru í kopar. Nokkuð af pappírnum hef ég unnið sjálf.



**Irma Tonteri** | Titill, *Bend*, tækni: Etching on Kozo-paper and gampipaper, shellack, collajé, ár 2015 stærð: 32 x 39 cm



## Sirkku Ketola

